

SAMÞYKKI YFIRTÖKUTILBOÐS

- Í HLU TI Í SKIPTUM HF. -

Nafn hluthafa

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Sími

Land

Ofangreindur aðili (hér eftir einnig nefndur "hluthafinn") á eftirtalinn fjölda hluta í Skiptum hf., kennitala 460207-0880, samkvæmt hlutaskrá félagsins við lok viðskiptadagsins 26. mars 2008:

Fjöldi hluta í Skiptum hf.
(hér eftir nefndir "hlutirnir")

x

6,64 kr.
Tilboðsverð í
hvern hlut

=

Samtals kaupverð

Með undirritun sinni á samþykkiseyðublað þetta, fellst hluthafinn á og samþykkir yfirtökutilboð Exista hf., kennitala 610601-2350, (hér eftir einnig nefnt "tilboðsgjafi") í alla hluti hluthafans í Skiptum hf., sem tilgreindir eru hér að ofan, á verðinu 6,64 kr. á hvern hlut sem greitt verður með hlutum í Exista hf. þar sem hver hlutur í Exista er verðlagður á 10,1 krónu. 0,6574 hlutir í Exista eru því greiddir fyrir hvern hlut í Skiptum, í samræmi við ákvæði opinbers tilboðsyfirlits tilboðsgjafa sem er meðfylgjandi þessu samþykkiseyðublaði ("tilboðsyfirlitið"). Greiðsla kaupverðs er háð því að þær upplýsingar, sem farið er fram á í samþykkiseyðublaði þessu, séu nákvæmar og fullnægjandi.

Hluthafinn staðfestir að hann hefur móttekið öll nauðsynleg skjöl, þ.m.t. tilboðsyfirlitið, og samþykkir skilmála þess. Þar að auki lýsir hluthafinn því yfir að hann sé löglegur eigandi hlutanna og að hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir og heimilar tilboðsgjafa og Kaupþingi banka hf. að kanna hvort eignaskiptin geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Kaupþings banka hf. að annast milligöngu viðskiptanna með hluti í Skiptum hf. sem eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., þ.m.t. óska eftir millifærslu hlutanna af vörslusafni hluthafa hjá reikningsstofnun á tímabundið vörslusafn hjá Kaupþingi banka hf., þaðan sem hlutirnir verða fluttir á vörslusafn Exista hf. Gagngjald fyrir hlutina verður flutt á það vörslusafn sem hlutirnir í Skiptum hf. voru sóttir.

Hlutirnir í Skiptum hf. eru skráðir á VS reikning hjá neðangreindri reikningsstofnun (vinsamlegast hakið við viðeigandi reit):

☐ Byr sparisjóður☐ Kaupþing banki hf.☐ SPRON☐ Glitnir banki hf.☐ Landsbanki Íslands hf.☐ Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.☐ Íslensk verðbréf hf.☐ MP Fjárfestingarbanki hf.☐ VBS Fjárfestingarbanki hf.

Önnur reikningsstofnun:

☐

Eigi hluthafinn ekki VS reikning, þar sem hlutirnir eru skráðir, felur samþykki þetta í sér að ráðgjafar Kaupþings banka hf. hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslusafns svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framsalsins.

Kaupverð hlutanna verður greitt eigi síðar en 5 (fimm) viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðs tilboðsgjafa er liðinn, eins og nánar er greint í tilboðsyfirlitinu. Sem greiðslu fyrir ofangreinda hluti í Skiptum fær hluthafinn neðangreindan fjölda hlutabréfa í Exista afhentan á vörslureikning. Hluthafi ber ábyrgð á því að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem Exista getur fært greiðsluna inn á.

Fjöldi hluta í Skiptum hf.

x

0,6574
Skiptigengi

=

Fjöldi hluta í Exista hf.

Hluthafinn staðfestir að honum hafi með skilmerkilegum hætti verið kynnt að Kaupþingi banka hf. sé óskýlt að meta hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki þeirrar vermdar sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „VVL“). Hluthafinn hefur kynnt sér upplýsingar um stefnu Kaupþings banka hf. um hagsmunaárekstra og er kunnugt um alla mögulega hagsmunaárekstra sem gerð er grein fyrir í tilboðsyfirlitinu í samræmi við 8. gr. VVL.

Um yfirtökutilboðið og samþykki þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um yfirtökutilboðið eða samþykki þetta skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vilji hluthafinn samþykkja yfirtökutilboðið skal hann rita nafn sitt hér að neðan því til staðfestingar. Vinsamlegast athugið að hluthafinn verður að undirrita samþykki þetta í votta viðurvist og mega vottar ekki vera undir 18 ára aldri.

Samþykkiseyðublaði þessu þarf að skila, rétt útfylltu, til fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala